

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2006
2006030033/42-1
JGO/rsb

Frumvarp til laga um eldi vatnafiska, 595. mál - umsögn

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 28. mars sl. þar sem óskað er eftir áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um eldi vatnafiska, 595. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað þetta frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemd.

3. gr. *Skilgreiningar*

Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi 3. gr. frumvarpsins frá grunni, fækka skilgreiningum verulega og samræma þær. Jafnframt að samræma skilgreiningar í systurfrumvörpunum fjórum. Rök fyrir þessari skoðun stofnunarinnar eru að finna í umsögnum hennar um frumvörp um lax- og silungsveiðar (607. mál) og um fiskirækt (613. mál), dags. 19. apríl 2006.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

